



Erindisbréf Framkvæmdanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

I. Kaffli Almenn ákvæði

1. gr. Um málefni nefndarinnar

Framkvæmdanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipuð af sveitarstjórn og heyrir beint undir hana. Nefndin fjallar um verklegar framkvæmdir og uppbyggingu við skóla- og íþróttamannvirki sveitarfélagsins í þéttbýli Árnosi, þar með byggingu íþróttahúss og verknámshús/Fab lab, eins og nánar greinir í erindisbréfi þessu.

Kjörtímabil nefndarinnar er á meðan framkvæmdir við uppbyggingu nýs skóla- og íþróttasvæðis varir eða til loka kjörtímabils, þ.e. það sama og sveitarstjórnar, klárast framkvæmdir ekki fyrir þann tíma.

2. gr. Skipan nefndarinnar

Nefndin skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Formaður er tilnefndur af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og Þjósárskóla sitja fundi nefndarinnar þegar þurfa þykir. Auk nefndarmanna eiga sveitarstjórnarfulltrúar og fjármálastjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr. Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi uppbyggingu skóla- og íþróttasvæðis í þéttbýli Árness og þurfa tillögur hennar að berast sveitarstjórn til umfjöllunar og staðfestingar.

Nefndin skal gera tillögur að uppbyggingu, nýtingu og skipulagi á skóla- og íþróttamannvirkjum og svæðum í kringum byggingarnar.

Nefndin skal fjalla um og undirbúa framkvæmdir við skóla- og íþróttamannvirki í þéttbýlinu Árnosi, gera framkvæmda- og fjárhagsáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn.

Nefndin skal fara með eftirlit á meðan á framkvæmdum við skóla- og íþróttasvæði stendur yfir í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar.

Nefndin skal fjalla um önnur mál sem sveitarstjórn felur nefndinni tengd framkvæmdum í þéttbýli Árness sem snerta uppbyggingu á skóla- og íþróttasvæðinu.

Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ákvarðanir nefndarinnar og vinna skulu fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins. Nefndarmenn skulu ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

4. gr. Markmið og umfjöllunarnefni nefndarinnar

Markmið nefndarinnar er að vinna að uppbyggingu, skipulagi og nýtingu á skólahúsnæði og byggingu nýs íþróttahúsnæðis og verknámshúss/Fab lab í þéttbýlinu Árnesi í samræmi við markmið og áætlanir sveitarstjórnar um uppbyggingu á svæðinu sem og skólustefnu sveitarfélagsins. Auk þess skal vinna nefndarinnar ná til skilgreinds útisvæðis á skólasvæði skv. deiliskipulagi.

Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar. Ákvarðanir framkvæmdanefndar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

II. Kafli Fundir og starfshættir

5. gr. Boðun funda

Formaður boðar til funda svo oft sem þurfa þykir og stjórnar þeim. Funda skal reglulega í tengslum við undirbúning framkvæmda eða minnst á mánaðar fresti. Á meðan á framkvæmdum stendur skal nefndin funda oftár, minnst á tveggja vikna fresti. Boðað skal til fundar ef einn eða fleiri nefndarmanna æskir þess enda sé fundarefni tilgreint. Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns, a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fundarboðun skal send á rafrænu formi þar sem tilgreindur er fundarstaður, tími og dagskrá. Fundarboð skal send nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundir verða boðaðir með rafrænum hætti.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum aðalmanna, ásamt þeim sem seturétt eiga á fundunum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim greint frá dagskrá fundarins.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðum verið skemmri ef enginn fundarmanna mælir gegn því.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum.

6. gr. Fundarsókn

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Framkvæmdanefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns svo hægt verði að boða varamann hans á fund.

7. gr. Fundargerðir

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í Framkvæmdanefnd og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín með rafrænni undirritun. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir Framkvæmdanefndar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Um ritun fundargerða fer eftir samþykkt um stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og leiðbeiningum um ritun fundargerða settum skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sendi skal fundargerð til sveitarstjórnar til kynningar og/eða samþykktar að loknum hverjum fundi. Sveitarstjórn skal sjá um birtingu fundargerða nefndarinnar á vef sveitarfélagsins.

III. Kafli Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

8. gr. Hæfi nefndarmanna

Um hæfi nefndarmanna í Framkvæmdanefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um hæfi annarra sem sitja fundi Framkvæmdanefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

9. gr. Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

10. gr. Þagnarskylda

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar og þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

IV. Málsmeðferð

11. gr. Meðferð mála

Framkvæmdanefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau mál sem henni berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins.

V. Þóknun og gildistaka

12. gr. Þóknun

Þóknun fyrir setu á fundum skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps samanber samþykktar reglur af sveitarstjórn um laun sveitarstjórnarfulltrú og nefndarmanna.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

13. gr. Nefndarlok

Skipan í framkvæmdanefnd skv. 1. gr. gildir á meðan framkvæmdatíma við uppbyggingu á skóla- og íþróttasvæði stendur yfir. Sveitarstjórn er heimilt að veita nefndarmönnum lausn úr nefndinni að framkvæmdatíma loknum. Séu framkvæmdum ekki lokið í lok kjörtímabils gildir skipan í nefndina til loka þess.

14. gr. Önnur ákvæði

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnslutölum nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann xx. mars 2024 og tekur þegar gildi.